

Afsal.

Ég undirritaður Kjartan Norðdahl, til heimilis að Tjarnarstíg 3, Seltjarnarnesi, sel hér með og afsala til sonar míns, Braga Norðdahls, flugmanns, Reykjavík, eftirstöðvum af landeign minni í jörðinni Úlfarsfell 1 í Mosfellshreppi, en land þetta er að stærð nákvæmlega 3 hektarar.

Land þetta skiptist þannig, að austan til við Óskotsveg fær kaupandi 1,7 ha. er takmarkast við veginn af tveim hælum, sem þar eru nú, að norðaustan takmarkast landið af landi Helga B. Guðmundssonar og að austan af löndum Jóns Oddssonar og Sölva Guðlaugssonar og suðvesturhlíð landsins takmarkast af línu, sem dregin er úr suðvesturhorni á landi Sölva Guðlaugssonar og í vestari hælinn við Óskotsveginn, sem nefndur er hér að ofan.

Vestan við Óskotsveginn er landið 1,3 hektarar og takmarkast af línu, sem að norðaustanverðu er dregin frá öðrum aðurnefndum hæl og meðfram landi Magnúsar Daníelssonar og í beinu framhaldi af henni til norðurs, svo langt sem nægir til að skerast af brotinni línu er stefnir til vesturs, en sú lína skerast aftur af línu, sem kemur hornrétt á brotnu línuna og stefnir til suðurs og takmarka þessar tvær síðasttöldu línur vesturhlíð á nefndri lóðarspildu.

Beina línan, sem síðast var talin takmarkast síðan af beinni línu, sem hún sker í suðvestur horni lóðarinnar, en þessi allra síðast talda beina lína takmarkar suðurhlíð lóðarinnar ^{meðfram landi Lárusar Lárussonar} og er dregin úr aðurnefndum hæl við Óskotsveg (vestari hælnum) og í stefnu, sem er hornrétt á gamla girðingu, sem takmarkar land Gríms Norðdahl, en þessi gamla girðing liggur upp að vatnsgeymir við þjóðveginn.

Umrædd lóð er seld kvaða og veðbandalaus með öllu og er mér að fullu greidd með kr. 3.000.00.

Samkvæmt ofanrituðu lýsi ég Braga Norðdahl, réttan og löglegan eiganda að nefndri lóðarspildu.

Rísi mál út af afsali þessu má reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur án undangenginna sátta fyrir sáttanefnd.

Til staðfestu eru nöfn okkar undirrituð í votta viðurvist.

Reykjavík, 9. júlí 1958

Vottar :

Guðbjörg Úlfarsdóttir
Mannor H. Guðmundsdóttir
Kjartan S. Norðdahl
Tjarnarstíg 3
Braga Norðdahl
S. h. bl. 6

Samþykktur:

D. u. s.

S. Sigurjónsson

Móttakið ¹⁶⁸ 1958 kl. 11 og innritun innritað til
þinglesturs á manntalsþingi ^{útsóðis} hrepps
1959 Litra ⁶⁴ nr. ⁹⁵ Upphæð kr. ³⁰⁰⁰
Gjöld: Þinglestur kr. ⁵⁰ - Stimpill kr. ⁶⁰
Samtals kr. ¹¹⁰
Greitt d. u. s. ¹¹⁰

[Handwritten signature]

